

# **Skógarvörðurinn á Norðurlandi**

**Starfsskýrsla fyrir árið 1997**

**Sigurður Skúlason**

# 1. VEÐURFAR ÁRSINS

## 1.1. Tíðarfarsyfirlit

**Í janúar** voru suð- og suðvestlægur áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 8.3 stig 29. janúar. Lágmarkshiti var -15.3 stig 18. janúar. Meðalhiti í janúar var -2.76 stig. Meðalsnjódýpt var 50 cm., mest 75 cm. 18. janúar. Úrkoma í janúar var 61.1 mm. Meðalvindhraði í janúar var 6.9 hnútar. Snjóflóð féllu úr Vaglafjalli 17. janúar.

**Í febrúar** voru breytilegar áttir. Hámarkshiti mældist 6.4 stig 1. febrúar. Lágmarkshiti var -16.7 stig 26. febrúar. Meðalhiti í febrúar var -3.92 stig. Meðalsnjódýpt var 40 cm., mest 63 cm. 28. febrúar. Úrkoma í febrúar var 85.8 mm. Meðalvindhraði 4.6 hnútar.

**Í mars** voru suð- og suðvestlægur áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 7.6 stig 8. mars. Lágmarkshiti var -18.7 stig 16. mars. Meðalhiti í mars var -3.28 stig. Meðalsnjódýpt var 49 cm., mest 72 cm. 1. mars. Úrkoma í mars var 60.2 mm. Meðalvindhraði 5.1 hnútar.

**Í apríl** voru suðvestan og norðvestan áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 14.0 stig, 14. apríl. Lágmarkshiti var -12.8 stig 4. apríl. Meðalhiti í apríl var 1.59 stig. Meðalsnjódýpt var 39 cm. mest 40 cm. 3 apríl. Úrkoma í apríl var 19.5 mm. Meðalvindhraði í apríl var 5.0 hnútar. Gæsir komnar 6. apríl. Skógarþröstur þann 7., hrossagaukur þann 16., lóan þann 18. og stelkurinn 27. apríl.

**Í maí** var norðvestan átt tíðust. Hámarkshiti mældist 18.5 stig 31. maí. Lágmarkshiti var -6.6 stig, 5. maí. Meðalhiti í maí var 4.04 stig. Snjór mældist á jörðu í 16 daga, mest 8 cm. 6 maí. Úrkoma í maí var 9.9 mm. Meðalvindhraði í maí var 5.0 hnútar. Brum á lerki farið að opnast 17. maí og komið með græna sliktu 25. maí. Brum á birki farið að opnast 21. maí og komið með grænan lit 30. maí. Tún í Fnjóskadal byrjuð að grænka 22. maí og farin að gróa 27. maí. Úthagi í Fnjóskadal byrjaður að grænka 30. maí. Maríuerlan kom 10. maí.

**Í júní** bar mest á norðvestan átt. Hámarkshiti mældist 23.9 stig 3. júní. Lágmarkshiti var -3.3 stig 5. júní. Meðalhiti í júní var 7.31 stig. Úrkoma í júní var 32.1 mm. Meðalvindhraði í júní var 4.5 hnútar. Lerki orðið algrænt 1. júní og birki hálfútsprungið 1. júní. Úthagi algrænn 21. júní.

**Í júlí** voru breytilegar áttir, mest bar á suðaustlægum og norðvestlægum áttum, en þó mældist nokkuð oft logn. Hámarkshiti mældist 22.4 stig 22. júlí. Lágmarkshiti var 4.6 stig 8. júlí. Meðalhiti í júlí var 12.62 stig. Úrkoma í júlí var 32.9 mm. Meðalvindhraði í júlí var 3.8 hnútar. Blátt mystur var yfir 11. júlí. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 13. júlí.

**Í ágúst** voru breytilegar áttir og hægviðri og logn. Hámarkshiti mældist 25.1 stig 13. ágúst, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti var -0.2 stig 10 ágúst. Meðalhiti í ágúst var 9.77 stig. Úrkoma í ágúst var 48.9 mm. Meðalvindhraði var 4.4 hnútar í ágúst. Flestir bændur höfðu lokið slætti 18. ágúst. Gulnun á birki að byrja 19. ágúst.

**Í september** voru breytilegar áttir, suðaustan og norðaustlægar áttir þó tíðastar. Hámarkshiti mældist 19.3 stig 23. september. Lágmarkshiti var -6.4 stig 14. september. Meðalhiti í sept. 6.10 stig. Úrkoma í sept. var 59.2 mm. Meðalvindhraði í sept. voru 6.1 hnútar. Hvítt var niður í byggð 10. september. Jarðskjálfti fanns 20. sept., kl. 15.36 og annar kl. 15.54, sem fannst mjög greinilega. Úthagi farinn að gulna 4. sept. og orðinn mjög sölnaður 18. september. Sölnun á birki orðin áberandi 6. september. Lauffall á birki 7. sept. og mikið lauffall 21. sept. Birki lauflaust 29. september. Lerki orðið allmikið gulnað og farið að fella nalar 28. september.

**Í október** bar mest á suðaustan og norðaustlægum áttum. Hámarkshiti mældist 12.0 stig 29. október. Lágmarkshiti var -9.3 stig 20. október. Meðalhiti í okt. var 1.89 stig. Snjór mældist á jörðu 4 daga í október, mest 25, 26 og 31 október 3 cm. Úrkoma í október var 73.6 mm. Meðalvindhraði í október voru 4.0 hnútar.

**Í nóvember** voru norðan og austanáttir algengastar. Hámarkshiti mældist 6.2 stig 21. nóvember. Lágmarkshiti var -6.5 stig 13. nóvember. Meðalhiti í nóvember var 0.51 stig. Snjór mældist í 29 daga, mest 25 cm. 4. nóvember. Úrkoma í nóvember var 78.4 mm. Meðalvindhraði í nóvember voru 3.6 hnútar.

**Í desember** bar mest á suðlægum áttum, þó nokkuð væru um norðanátt og logn. Hámarkshiti mældist 13.1 stig 15. desember. Lágmarkshiti var -19.5 stig 5. desember, sem er mesta frost sem mældist á árinu. Meðalhiti í desember var -1.26 stig. Snjór mældist á jörðu í 21 dag, mest 6 cm. 8. desember. Úrkoma í desember var 63.6 mm. Meðalvindhraði í desember var 4.2 hnútar. Glitský saúst á lofti 15. desember.

## 1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1997

	Meðalhiti C°	Úrkoma mm.
Janúar	-2,76 (-0,90)	61,1 ( 18,4)
Febrúar	-3,92 (-3,37)	85,8 (147,6)
Mars	-3,28 ( 1,27)	60,2 ( 4,3)
Apríl	1,59 ( 1,67)	19,5 ( 47,8)
Maí	4,04 ( 5,48)	9,9 ( 10,4)
Júní	7,31 ( 8,50)	32,1 ( 59,2)
Júlí	12,62 (10,90)	32,9 ( 27,7)
Ágúst	9,77 ( 9,06)	48,9 ( 48,5)
Sept.	6,10 (10,12)	59,2 ( 72,8)
Okt.	1,89 ( 1,45)	73,6 (127,1)
Nóv.	0,51 (-6,43)	78,4 ( 87,0)
Des.	1,26 (-3,89)	63,6 ( 72,7)
	<b>2,72 ( 2,82)</b>	<b>625,2 (723,5)</b>

## Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1996

### 1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní - september var 8.95 stig, en var 9.65 stig sömu mánuði 1996.

### 1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

12/5	-0,3	23/5	-2,3	9/9	-6,1
13/5	-1,3	5/6	-5,3	12/9	-0,8
14/5	-1,0	6/6	-2,9	13/9	-4,6
15/5	-1,3	7/6	-3,5	14/9	-7,2
18/5	-2,6	8/6	-2,0	16/9	-0,5
19/5	-4,5	10/8	-1,6	17/9	-0,5
20/5	-4,7	5/9	-0,4	18/9	-6,9
21/5	-4,6				
22/5	-2,1				

### 1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig.

2/6	21,6	17/7	21,0	28/7	20,0
3/6	23,9	20/7	20,0	30/7	20,7
26/6	20,6	22/7	22,4	12/8	23,9
2/7	21,9	23/7	21,9	13/8	25,1
11/7	21,3	24/7	20,7	15/8	20,2

## 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

### 2.1. Laufgun og lauffall

Brum á birki farið að opnast 21. maí, komið með grænan lit 30. maí og hálfútsprungið 1. júní. Brum á lerki farið að opnast 17. maí, komið með græna sliktu 25. maí og algrænt 1. júní. Gulnun á birki að byrja 19. ágúst, sölnun áberandi 6. sept. og lauffall byrjað 7. sept. og birki að mestu lauflaust 29. sept. Lerki orðið allmikið gulnað og farið að fella nalar 28. sept.

### 2.2. Vöxtur

Vöxtur var með betra móti á öllum trjágróðri þetta ár.

### 2.3. Fræfall

Fræfall var líklega nokkuð þetta ár, en mjög misjafnt eftir stöðum. Engu fræi var safnað.

### 2.4. Skaðar

Engir sérstakir skaðar voru á trjágróðri þetta ár. Köngulingur er meira áberandi með hverju árinu og töluvert bar á sitkalús í Eyjafirði.

## 3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var að mestu það sama og síðustu ár. Ráðskona var Fríða Arnþórsdóttir. Verkstjóri Guðni Þ. Arnþórsson á Vöglum og Marta Svavarsdóttir í Laugabrekku. Margrét Guðmundsdóttir sá um bókhald og skrifstofustörf auk vinnu í gróðrarstöð á Vöglum yfir sumarmánuðina. Guðrún Jónsdóttir vann í gróðrarstöðinni á Vöglum sem fyrr hluta af árinu auk veðurtöku allt árið. Aðrir fastir starfsmenn voru þeir sömu og fyrri ár, Benedikt Karlsson, Sigurpáll Jónsson, Kristján Jónsson, Jóhannes H. Gíslason og Valgeir Davíðsson hluta af árinu. Ingimundur Gunnarsson var í veikindaleyfi hluta af árinu. Starfsmenn voru 22 á launaskrá þegar flestir voru. Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 18,156,878, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 3,849,570, dagpeningar kr. 224,250, akstur kr. 368,122 og ASÍ laun kr. 13,714,936.

## **4. GIRÐINGAR**

### **4.1. Viðhald**

Viðhald girðinga var með minnsta móti þetta ár. Kostnaður við smölun var lítill þetta ár. Um smölun á heimalöndum Vagla og Þórðarstaða var gerður verksamningur og annaðist hann Hermann Herbertsson, Sigríðarstöðum.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 452,817, samtals 692 vinnustundir.

Kostnaður við umsjón og smölun var kr. 43,000.

### **4.2. Nýgirðingar**

Engar nýgirðingar voru girtar á árinu.

## **5. SKÓGARHÖGG**

### **5.1. Viður**

Skógarhögg fór mest fram í Vaglaskógi, Sigríðarstaðaskógi, Þórðarstaðaskógi, Lundsskógi og Vöglum á Þelamörk. Auk þess var hreinsað til í Ásbyrgisskógi. Í Vaglaskógi var grisjað í reitum 129, 141, 40, 33 og 34 og kjarrsagað í reit 300 og hreinsað með þjóðvegi og göngustígum. Í Sigríðarstaðaskógi var grisjað í reit 48. Í Þórðarstaðaskógi og Lundsskógi var hreinsað birki úr snjóflóðasvæðum, sem féllu 1995. Á Vöglum á Þelamörk var sagað fyrir stíg í gegnum gamla reitinn og þar var grisjuð fura, rauðgreni og lerki. Grisjaður var ungskógur norðan gamla reitsins. Í Ásbyrgisskógi var sagað meðfram göngustígum inn í byrgi og fyrir nýjum stíg auk þess var grisjað rauðgreni innan við eyju, svæði 4 í verkáætlun. Unnið var þar í eina viku 27. - 31. okt.

Felldur viður:

Birki	ca. 100 tonn
Lerki	ca. 2 tonn
Annað	ca. 5 tonn.

#### **5.1.1. Sala girðingarstaura**

Seldir - afhentir voru 173 staurar 6 fet.

#### **5.1.2. Viðarsala**

Arinviður stórir 2.120 pk

Arinviður litlir	95 pk
Smíðaviður	177,1 m
Reykingarviður	1.757 kg.
Birkikurl/flís	3.475 kg.
Plattar	11,580 stk.
Beðkurl (grisjupokar)	14 pk.
Beðkurl (saltpokar)	4 pk.
Rætur	10 stk.

### 5.1.3. Birgðir í árslok

Arinviður stórir	514 pk
Arinviður litlir	89 pk
Arinviður óunnið	11,000 kg.
Smíðaviður birki	496 m.
Lerki óunnið	ca. 2,000 kg.
Birkikurl/flís	1,300 kg.
Plattar	6,325 stk
Staurar 6 fet	400 stk
Staurar 6 fet óunnið	200 stk
Beðkurl	10 m <sup>3</sup>
Viðarkol	ca. 350 kg.
Rætur	50 stk

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 3077 og laun og launatengd gjöld kr. 1,912,001.

### 5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré í nóvember. Tíðarfar þá var mjög hagstætt og var hægt að vinna við að ná jólatrjáum fram undir jól. Felld voru 1347 jólatré á eftirtöldum stöðum.

	<b>Rauðgreni</b>	<b>Stafafura</b>	<b>Blágreni</b>	<b>Fjallapínur</b>	<b>Samtals</b>
Ásbyrgi	53		4		57
Fellsskógur	656		114	87	857
Reykjarhóll	13	38	12		63
Sigríðarst.sk.	40	15			55
Vaglaskógur	17	15	7	7	46
Vaglir Þelamörk		95			95
Þórðarst. skógur	98	2	74		174
<b>Alls</b>	<b>877</b>	<b>165</b>	<b>211</b>	<b>94</b>	<b>1347</b>

Flutt voru 200 rauðgrenitré frá Selfossi og keypt voru nokkur tré af Skf. S-Þing.. Ekkert var keypt af erlendu greni þetta ár. Af felldum og aðfluttum trjám, seldust 1454 tré, önnur fóru til starfsfólks og í frákast, sem er nokkuð því gengið var nokkuð langt í fellingu, sem er líka grisjun. Ekki var eins mikil sala á gölluðum trjám til götuskreytinga og 1996.

<b>Seld tré</b>						
<b>Stærð</b>	<b>Rauðgreni</b>	<b>Stafafura</b>	<b>Blágreni</b>	<b>Fjallapínur</b>	<b>Samtals</b>	
Tilboðstré	49				49	
070-100	73	4	31	13	121	
101-125	279	45	50	24	398	
126-150	323	58	32	16	429	
151-175	223	20	25	4	272	
176-200	95	8	13	2	118	
201-250	34	1	3	4	42	
251-300	10		2	4	16	
301-400	5				5	
401-500	2				2	
501-600	2				2	
	<b>Alls</b>	<b>1095</b>	<b>136</b>	<b>156</b>	<b>67</b>	<b>1454</b>

Laun og launatengd gjöld v/töku og afhendingar jólatrjáa og greina kr. 453,906, alls 713 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 27,628, alls kr. 481,534.

#### **Tekjur skiptust þannig:**

	<b>Sala</b>	<b>Aðkeypt</b>	<b>Mismunur</b>
Jólatré	1730273	24021	1706252
Innfl. og ísl. greinar	22862		22862
<b>Alls</b>	<b>1753135</b>	<b>24021</b>	<b>1729114</b>

## **6. GRÓÐRARSTÖÐ.**

### **6.1. Fræplöntur.**

Sáð var þann 22. maí í stóra húsið blágreni, mýrarlerki, sitkabast., stafafuru, rauðgreni, hvítgreni ásamt nokkrum fleiri tegundum í litlu magni. 30. maí var sáð lerki og 3. og 4. júní var sá birki í dúkhús. Sáningar sjást nánar í talningarlista 1997.

### **6.2. Dreifsetning**

Stungið var 16,639 græðlingum í beð og 64,530 í FP35 bakka.

### **6.3. Garðplöntur**

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 2,063,902 og afhentir styrkir fyrir kr. 42,169. Stungið var 4,373 sumargræðlingum og pottaðar voru 6,707 plöntur. Seldar og afhentar voru 20,669 garðplöntur og til sölu og afhendingar eru áætlaðar 80,316 plöntur 1998.

### **6.4. Afhending skógplantna**

Afhentar voru 96,646 skógarplöntur úr gróðrarstöðvunum.

Seldar skógarplöntur	1,720,045
Millif. og styrkir	67,466
Afh. í eigin skóglendi	172,255
Nytjaskógar	417,808

**Alls Kr. 2,377,574**

### **6.5. Illgresiseyðing**

Illgresiseyðing í gróðrarstöð var með svipuðu móti og síðustu ár.

### **6.6. Nýframkvæmdir**

Nýframkvæmdir voru engar í gróðrarstöð á þessu ári

### **6.8. Kostnaður.**



<b>Laugabrekka</b>	<b>Kr.</b>	<b>Vinnust.</b>
Plöntuuppeldi almennt	234663	378
Skógarplöntur	13901	28
Fjölpottaplöntur	459287	754
Garðplöntur	673169	1036
<b>Alls</b>	<b>1381020</b>	<b>2196</b>

### **Vaglir**

Plöntuuppeldi almennt **	574121	801
Verkstjórn	637333	836
Frídagavaktir	160519	129
Ræktunarbún.	2950	4
Uppt.,meðf.,afgr. skógpl	19102	33
Vetrarumb. skógpl	11841	19
Fjölpottar alm.	34762	60
Hreinsun bakka	53465	85
Moldarfylling	178604	274
Sáning fjölp.	77257	130
Grisjun fjölp.	233138	399
Umhirða fjölp.	106540	191
Afhending fjölp.	163735	249
Vetrarum. fjölp.	46746	77
Viðargræðlingar	372033	580
Garðpl. alm.	52074	83
Stiklingar útiræktun	34397	59
Stiklingar inniræktun	61035	93
Garðpl. beðpl.	20695	37
Garðpl. pottapl.	1070423	1748
Hnausplöntur	4723	9
Sala garðpl.	117593	144
Vetrarumb. garðpl.	47082	68
<b>Alls</b>	<b>4080168</b>	<b>6108</b>

**Samtals Laugabrekka og Vaglir 5461188 8304**

\*\* Innifalið sérst. frídagar - veikindi - orlof og des.uppbót.

## **7. GRÓÐURSETNING**

## Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjöldi

	<b>Tegundir</b>	<b>Aldur</b>	<b>Kvæmi</b>	<b>Nr.</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Reitur</b>
Hálsmelar	Blæösp		vefjarækt		75	gildrög vestast
Reykjarhóll	Birki	1/0	Reykjarh.	940050	200	
	Rússalerki	2/0	Imatra	930027	230	
	Rússalerki	1/0	Imatra	930025	690	
					<b>1120</b>	
Skuggabjörg	Rússalerki	2/0	Vendenga	950014	<b>1600</b>	neðst í brekku norður að girð.
Vaglaskógur	Fjallapínur	3/0	Arapaho	940007	<b>735</b>	358
Vaglir Þelamörk	Blágreni	2/5	R.Grande	89022	<b>1194</b>	390
			<b>Alls</b>		<b>4724</b>	

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu voru kr. 48,548, alls 80 vinnustundir.

## 8. HIRÐING PLANTNA

Unnið var við grisjun og hirðingu plantna í eftirtöldum skóglendum:

Ásbyrgi	181 tímar	kr. 184,107
Reykjarhóll	116 “	“ 73,482
Skuggabjörg	74 “	“ 46,430
Vaglir Þelamörk	374 “	“ 240,762
Vaglaskógur	146 “	“ 85,658

## 9. BYGGINGAR

Á Vöglum I var húsið og þakið málað að utan. Bílskúr á Vöglum II var málaður að utan. Í geymslu á Vöglum I voru settar stórar hurðir að austan og fyllt í gólf í gömlu hlöðunni. Veggir að utan voru málaðir. Í Ásbyrgishúsi var lagfærð rotþró. Annað sem gert var við byggingar, var venjulegt viðhald.

## 10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Viðhald véla og verkfæra var eins og síðastliðin ár, í lágmarki, aðeins gert við það alnauðsynlegasta. Keyptar voru 2 nýjar keðjusagir, Jonsered 2055, og 2 kjarrsagir, Jonsered RS51, einnig voru keyptir 2 gashitarar auk gashylkja, sem settir voru upp á tjaldsvæðunum í Vaglaskógi. Keyptur var rakamælir til að mæla raka í við. Mjög brýnt er að fara að endurnýja dráttarvélar og ýmis tæki svo sem útdráttarspil, kurlara og að fá stór tvívirk ámoksturstæki til að mögulegt væri að brettavæða starfsemina meira.

## 11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRÐUM

Sjá skýrslu Sigrúnar Sigurjónsdóttur, skógræktarráðunauts.

## 12. ÝMISLEGT

### 12.1. Fundir og ferðalög

Fundir og ferðalög skógarvarðar voru þessi helst á árinu. Fór á starfsmannafund SR í Reykjavík 13. - 14. mars, á fulltrúafund Skf. Íslands í Reykjavík 15. mars. Sat ráðstefnu á Akureyri um umhverfismál 18. apríl. Sat kvöldverð með forseta Íslands í Stórutjarnarskóla 3. maí. Fór í Ásbyrgi ásamt Kristjáni Jónssyni, vegna lagfæringa við íbúðarhús 6. maí. Fór á fund í Fremstafell vegna friðunar Kinnarfells í Köldukinn 17. maí. Fór með Brynjari í Köldukinn 4. júní, skoðuðum þar m.a. skógrækt á Gvendarstöðum. Fór í Végeirsstaði í Fnjóskadal, þar sem var athöfn vegna undirskrifta samstarfssamnings Háskólans á Akureyri og Rannsóknarstöðvar SR, Mógilsá 12. júní. Fór með Brynjari og Sigrúnu til viðtals við sveitarstjórn á Hofsósi 18. júní. Fór í ferð um Norðurland vestra dagana 22. - 25. júlí, ásamt Jóni Loftssyni, Þresti, Brynjari, Sigrúnu og Öyvind, sjá nánar um ferð þessa í meðfylgjandi fylgiriti. Fór á sýningu á höggmyndalist í Kjarnaskógi 16. ágúst. Fór á aðalfund Skf. Íslands að Núpi í Dýrafirði 28. - 31. ágúst. Fór á þjálfunarnámskeið vegna aðlögunarnefnda SFR í Reykjavík 25. sept. Fór í skógræktarferð til Skotlands 29. sept. - 5. okt. Fór á fund í aðlögunarnefnd í Reykjavík 20. okt. Fór í Ásbyrgi vegna fyrirhugaðrar grisjunar þar 21. okt. Fór á fund í aðlögunarnefnd í Reykjavík 23. okt. Sat ráðstefnu í tilefni afmælis Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá 24. okt. Fór í Ásbyrgi vegna grisjunar 28. okt. Fór í viðtal hjá þingmönnum Norðurlands eystra á Grenivík 28. okt. Fór á fund vegna aðlögunarnefndar í Reykjavík hjá SFR 31. okt. Fór á fund í aðlögunarnefnd í Reykjavík 5. nóv. Fór með fréttamönnum frá Stöð 2 í Fellsskóg vegna viðtals um jólatré 11. nóv. Var viðstaddur athöfn á Kjarvalsstöðum vegna 90 ára afmælis laga um skógrækt og landgræðslu 22. nóv. Fór á stofnfund félags skógarbænda á Norðurlandi í Laugaborg í Eyjafirði 25. nóv. Fór á fund hjá SFR vegna aðlögunarnefndar 3. des. Fundur í SFR og í aðlögunarnefnd í Reykjavík 17. des. Fundur á Akureyri með stjórn skógarbænda á Norðurlandi, skógræktarstjóra og skógræktarráðunaut 19. des. Ennfremur fór skógarvörður í ýmsar ferðir um Húnavatnssýslur, Skagafjörð, Eyjafjörð og S. Þingeyjarsýslu vegna plöntudreifingar ofl. Einnig sat skógarvörður nokkra stjórnarfundum í Skf. S-Þing. og fundum vegna ræktunarsjóðs Kinnarfells, þar sem skógarvörður á sæti í stjórn skv. skipulagsskrá.

### 12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var í góðu meðallagi í Vaglaskógi þetta ár. Sú nýbreytni var tekin upp þetta ár, að leigja út rekstur á tjald- og hjólhýsasvæðum í Vaglaskógi, auk aðstöðu fyrir verslun í þjónustuhúsi til Ketils Tryggvasonar og samstarfsfólks hans. Ketill hefur starfað við tjaldsvæðin undanfarin ár og þekkir því rekstur þess nokkuð vel. Starfsmenn SR unnu að endurnýjun og viðhaldi húsa á svæðunum, auk uppsetningu á gasvatnshiturum, sem settir voru upp á 2 snyrtingum á svæðinu. Þetta þótti mikil framför og ferðafólk lofaði þessa nýjung. Gestir sem koma í Vaglaskóg í dagsferðir eða styttri viðkomu fer fjölgandi. Yngvi Loftsson landslagsarkitekt byrjaði að vinna að skipulagi á hjólhýsasvæði sem skipulagsyfirvöld þurfa að samþykka. Ferðafólki fer fjölgandi í öðrum skógum SR á Norðurlandi t.d. í Reykjarhól, Vöglum á Þelamörk, Grundarreit og Mela- og Skuggabjargarskógi. Vinna þarf að bættri aðstöðu í þessum skógum eins og kostur er.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 12,562 sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 1,301, í júlí 7,633 og ágúst 3,628.

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 500,000. Laun og launatengd gjöld (sérst. fríd, veikindi og des.uppb. innifalið) kr. 134,635, alls 200 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 322,344.

#### 12.4. Annað

Formlegir skógardagar voru ekki haldnir í skógum SR á Norðurlandi þetta ár. Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson og frú Guðrún Katrín Þorbergsdóttir ásamt fylgdarliði komu í heimsókn í S-Þingeyjarsýslu í byrjun maí. Forsetinn hafði viðdvöl í Vaglaskógi að morgni 3. maí. Þetta vakti nokkra athygli og voru í fylgd forseta fyrimenni sýslunnar og blaða- og fjölmiðlafólk. Fólk úr sveitinni kom í Vagli til að taka á móti forseta og fylgdarliði. Skógarvörður sýndi forsetahjónunum starfsemi á Vöglum og Þröstur Eysteinnsson sýndi og skýrði út starfsemi í fræræktarhúsi. Fræræktin sem hafin er á Vöglum hefur þróast síðustu ár og lofar hún góðu. Verkefninu stýrir Þröstur Eysteinnsson og er nú unnið að því að fá sérstakt fræræktarhús byggt á Vöglum, sem yrði nægilega hátt til lofts til slíkrar starfsemi. Landbúnaðarráðherra, Guðmundur Bjarnason, veitti í árslok fjárveitingu til undirbúnings verkefnisins að upphæð 1.000.000, sem verður nýtt til undirbúnings á byggingu næsta ár. Efnt var til fjölskylduferðar í Vaglaskóg þar sem mættu starfsmenn SR af öllu landinu. Þótti þetta takast allvel. Ýmsar heimsóknir voru á árinu, t.d. komu sænskir skógræktarnemar í heimsókn 4. júní. Norðmaðurinn Ole Dalh, 7. júlí. Sigurður Blöndal kom og hafði viðdvöl 15. - 17. ágúst auk ýmissa starfsmanna SR á ferðum um landið. Skipulagsnefnd Eyjafjarðarsvæðis kom í skoðunarferð í Vagli 13. okt. Yfirstjórn kom vegna fjárhagsáætlunar 18. apríl. Þetta er það helsta af starfseminni en eflaust hefur eitthvað orðið útundan og vona ég að það sé ekkert mikilvægt. Ég vil að lokum þakka öllu samstarfsfólki mínu gott samstarf á árinu 1997.

Unnið að mestu í mars og apríl 1998 en ekki lokið fyrr en í byrjun janúar 1999.

16. janúar 1999

Sigurður Skúlason, skógarvörður

---

Sigurður Skúlason, skógarvörður